

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur föstudaginn 17. nóvember 2006 í máli nr. Y-10/2005:

Steingrímur Þormóðsson

(Steingrímur Þormóðsson hrl.)

gegn

Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda

(Ásgeir Jónsson hdl.)

Mál þetta var tekið til úrskurðar 20. október 2006.

Sóknaraðili er Steingrímur Þormóðsson, Nethyl 2, Reykjavík.

Varnaraðili er Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, Skúlagötu 17, Reykjavík.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur að fjárnámsgerð sýslumannsins í Reykjavík nr. 011-2005-05718, sem fram fór hjá sóknaraðila þann 19. maí í Nethyl 2, Reykjavík að kröfu varnaraðila, Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, verði felld úr gildi. Til vara gerir sóknaraðili þá dómkröfu að dráttarvextir verði felldir niður lengra aftur í tímann en til 4. apríl 2005. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar.

Varnaraðili gerir þær dómkröfur að kröfum sóknaraðila verði hafnað og að að farargerð nr. 011-2005-05718, sem framkvæmd var af sýslumanninum í Reykjavík þann 19 maí 2005, verði staðfest, og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi sóknaraðila.

I

Sóknaraðili, Steingrímur Þormóðsson, sem er sjálfstætt starfandi hæstaréttar lögmaður, taldi fram á skattframtali 2004, heildartekjur að fjárhæð kr. 2.186.446 vegna ársins 2003. Samkvæmt skattframtalinu var ekkert greitt af framtöldum launum í lífeyrissjóð skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Ríkisskattstjóri sendi rafrænt yfirlit til varnaraðila sem reyndi án árangurs að innheimta lífeyrisiðgjöld hjá sóknaraðila í samræmi við lög nr. 129/1997. Varnaraðili fól síðan Lánstrausti hf. að innheimta kröfuna. Þar sem sóknaraðili sinnti ekki innheimtubréfum var Lögheimtunni ehf. falin innheimtan.

Varnaraðili sundurliðar kröfuna þannig: Lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð 10% af heildarendurgjaldi að fjárhæð kr. 2.186.450, eða kr. 218.645, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 129/1997 og 1. mgr. 2. gr. s.l., sbr. og 5. gr. laga um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

2% álag af kr. 218.645, eða kr. 4.373, skv. 8. gr. laga um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda nr. 155/1998, vegna innheimtu lífeyrisjóðsiðgjalda sem sjóðnum ber að innheimta skv. 6. gr. laga nr. 129/1997. Dráttarvextir frá 10.01.2004, sbr. 7. gr. laga nr. 155/1998.

Sóknaraðila var send greiðsluáskorun dags. 21.02.2005, sem var birt sóknaraðila þann 04.03.2005 og í kjölfar hennar var krafist aðfarar hjá varnaraðila. Þann 19.05.2005 gerði sýslumaðurinn í Reykjavík fjárnám hjá sóknaraðila að kröfu varnaraðila í eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni að Nethyl 2 í Reykjavík til tryggingar skuld, vegna ógreidds lífeyrissjóðsiðgjalds sóknaraðila fyrir árið 2003, að höfuðstól kr. 218.645 auk 2% álags kr. 4.373, áfallinna dráttarvaxta og áfallins kostnaðar.

Með bréfi sem mótttekið var í dóminum 14. júlí s.á. krafðist sóknaraðili úrlausnar héraðsdómara um lögmati aðfarargerðarinnar.

II

Samkvæmt greinargerð sóknaraðila byggir hann kröfu sína um að fella beri fjárnamið úr gildi á eftirfarandi málsástæðum.

Í fyrsta lagi að hvergi í lögum sé skýrt ákvæði um aðfararhæfi þeirrar kröfu, sem sótt er á hendur sóknaraðila. Enginn stjórnvaldsúrskurður liggja fyrir. Ekki verði því séð, að krafan falli undir 1. grein aðfararlaga og 5., 9. eða 10. tölulið þeirrar greinar.

Í öðru lagi að um sé að ræða skatt þar sem ljóst sé vegna aldurs sóknaraðila að hann fái umkrafin gjöld aldrei til endurgreiðslu. Að skýrt efnisákvæði sé ekki í lögum til þeirra íþyngjandi aðgerða, sem sóknaraðili hafi orðið að þola af hendi ríkisskattstjóra, Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda og Lögheimtunnar hf. Engin ákvæði séu í lögum, hvorki lögum um tekjuskatt og eignaskatt eða lögum nr. 129/1997 um það, hvernig til dæmis ríkisskattstjóra beri að hegða sér varðandi sóknaraðila um álagningu gjaldsins. Þá segi aðeins að Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda skuli innheimta gjaldið. Hvergi í lögum sé ákvæði um að Söfnunarsjóðurinn skuli varðveita gjaldið eða með hvaða hætti. Þá sé skýrt tekið fram að það sé Söfnunarsjóðurinn sem skuli innheimta gjaldið, en með því sé beinlínis átt við að öðrum aðilum eins og Lögheimtunni og Lánstrausti sé óheimil milliganga við innheimtuna. Ekki væri hægt að láta Lögheimtuna sjá um innheimtu fyrir tollstjóra, þar sem lögbundið er, hver sjái um þá innheimtu. Það brjóti í bága við grundvallarreglur stjórnsluréttar hvernig farið hafi verið að varðandi álagningu og innheimtu gjaldsins. Engin bein ákvæði séu um álagningu gjaldsins í lögum eða hver sé álagningaraðili. Aðeins sé kveðið á um eftirlit ríkisskattstjóra í 6. grein laga nr. 129/1997. Það verði því ekki séð að á neinu stigi hafi sóknaraðila verið gert að gæta andmælaréttar síns við álagningu gjaldsins. Hvort um væri að ræða réttan gjaldstofn og hvernig gjaldskyldu væri hagað til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda.

Í þriðja lagi að sóknaraðili hafi ekki verið upplýstur um réttindi sín og hvenær greiðslur komi til með að hefjast á grundvelli þeirra og hvað verði um fjármagnið ef lífeyrisaldri verður ekki náð. Það sé því ekki til neins fyrir sóknaraðila eða

mikilli óvissu háð að greiða ofangreinda fjárhæð. Um sé að ræða ólögmetu skattheimtu, sem brjóti í bága við 40. og 70. gr. stjórnarskrárinnar.

Í fjórða lagi að innheimtan brjóti gegn meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar og stjórnskipunarréttar, þar sem ekki sé á hreinu að nokkrum markmiðum verði náð til hagsbóta fyrir sóknaraðila og aðila í hans stöðu, sem komnir eru á þennan aldur án þess að eiga nokkur lífeyrisréttindi þá þegar, en alls óvíst sé að nokkur réttindi myndist með áframhaldandi greiðslum. Því sé um að ræða alltof íþyngjandi aðgerðir og þeim markmiðum að létta undir sóknaraðila í ellinni verði betur náð með að falla frá innheimtu þessara gjalda.

Í fimmta lagi að innheimtan og skattálagningin brjóti í bága við þær reglur sem ríkið hafi undirgengist varðandi lífeyrisskuldbindingar samkvæmt tilskipunum EB (395R3094). Sóknaraðili búi sig undir áframhaldandi líf með því að greiða til erlends tryggingafélags, sem bæði sé sjúkdóma- og líftrygging ásamt því að vera lífeyrissjóður. Slík réttindi séu honum ekki boðin hjá varnaraðila eða öðrum innlendum frjálsum lífeyrissjóðum. Varnaraðila sé ekki heimilt að krefja sóknaraðila um umkrafin iðgjöld við þessar aðstæður. Sóknaraðili þurfi ekki að þola að verða þannig tvírukaður um iðgjöld til lífeyristrygginga.

Í sjötta lagi að það brjóti gegn meginreglum um friðhelgi einkalífs hvernig varnaraðili reyni að innheimta kröfuna með hjálp Lánstrausts hf., en sóknaraðili hafi undanfarið reynt að panta sér pítzu, en verið neitað um afgreiðslu vegna upplýsinga frá Lánstrausti hf. um skuldina. Það sé næg refsing fyrir hann og vanskilavítur, ef málsástæður hans standast ekki, að þurfa að greiða dráttarvexti og málskostnað. Þannig brjóti þær upplýsingar sem Lánstraust hf. miðli um skuld hans gegn öllu velsæmi og grundvallarreglum um mannhelgi og gegn öllum stjórnsýslureglum.

Varakröfuna byggir sóknaraðili á að engin ákvæði sé að finna í lögum nr. 129/1997 eða í lögum nr. 155/1998 um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda um gjalddaga iðgjaldakröfunnar. Gjalddagi sé því í fyrsta lagi sá dagur þegar formleg krafa er gerð um greiðslu iðgjalds með greiðsluáskorun sem í þessu tilfelli sé 4. mars 2005. Réttur til dráttarvaxta hafi síðan orðið til mánuði síðar eða 4. apríl.

Þá mótmælir sóknaraðili málskostnaðarkröfu varnaraðila á þeim grundvelli að lagaheimild skorti fyrir innheimtu frekari málskostnaðar en kveðið sé á um í 8. gr. laga nr. 155/1998. Byggir sóknaraðili á að málskostnaður sé fastákveðinn í greininni.

III

Varnaraðili mótmælir málsástæðum sóknaraðila í heild sinni. Varnaraðili byggir á eftirfarandi.

Í framlögðu bréfi ríkisskattstjóra komi fram að gjaldstofn sá sem krafa sóknar aðila byggist á sé skv. upplýsingum um reiknað endurgjald sem sóknaraðili hafi sjálfur gefið upp í skattframtali 2004 vegna tekjuársins 2003. Sóknaraðili beri ábyrgð á að þær upplýsingar séu réttar. Þá hafi sóknaraðili ekki lagt fram staðfest

afrit af skattframtalinu. Sóknaraðili hafi því ekki sýnt fram á að miðað hafi verið við rangar upplýsingar úr skattframtalinu. Ennfremur hefði sóknaraðila verið unnt að leggja fram skilagreinar ársins 2003 vegna reiknaðs endurgjalds og tryggingargjalds.

Um hlutverk ríkisskattstjóra varðandi eftirlit með greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóði sé aðallega fjallað í 5. mgr. 6. gr. laga nr. 129/1997, en hann sendi lífeyrissjóðum rafrænt yfirlit með upplýsingum yfir greiðslur allra framtalsskyldra manna í lífeyrissjóði samkvæmt skattframtali viðkomandi. Ef enginn lífeyrissjóður sé tilgreindur í skattframtali eða engar greiðslur í lífeyrissjóð þá sé yfirlit sent til varnaraðila, sem hafi þá umsjón með innheimtu iðgjalda. Varnaraðili sé eins og hver annar lífeyrissjóður og starfsemi hans með sama hætti og annarra lífeyrissjóða. Þar með talin sé varðveisla iðgjalda, sbr. 1. gr. laga nr. 129/1997. Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með starfseminni, sbr. IX. kafli laga nr. 129/1997. Ennfremur gildi sérlög um sjóðinn nr. 155/1998, þar sem m.a. sé fjallað um hlutverk hans og lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Varnaraðili reyni ætíð í samræmi við lagaskyldur sínar að innheimta lífeyrissjóðsiðgjöldin. Ef þær innheimtuaðgerðir beri ekki árangur, né innheimtutilraunir Intrum á Íslandi ehf., hafi sjóðurinn undanfarið falið Lögheimtunni ehf. frekari innheimtuaðgerðir. Að því leyti sé varnaraðili ekki frábrugðinn öðrum lífeyrissjóðum þ.e. hann hafi falið lögmonnum að sjá um innheimtu mála eftir að innheimtutilraunir sjóðsins hafa ekki borið árangur, en þessum störfum lögmannna fylgi m.a. eftirfylgni mála við aðför og nauðungarsölur og sé vandséð að það borgi sig fyrir sjóðfélaga í lífeyrissjóðum að hver og einn lífeyrissjóður í landinu hafi þessi störf með höndum. Varnaraðili sé eingöngu frá brugðinn öðrum lífeyrissjóðum að því leyti að honum sé skylt að innheimta lífeyris sjóðsiðgjöld hjá þeim sem sinna ekki þeirri lagaskyldu að greiða af launum sínum í lífeyrissjóð. Varnaraðila séu ákvarðaðar sértekjur til að sinna þessu hlutverki sbr. 8. gr. laga nr. 155/1988.

Aðfararheimild krafna varnaraðila byggist á 10. tl. 1. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989, en skv. 11. tl. 1. gr. laga um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar nr. 29/1885, njóti iðgjaldagreiðslur í lífeyrissjóði lögtaksréttar. Með 3. tl. 35. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998 hafi verið fellt niður ákvæði í 2.tl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/1989 um skyldu til að senda héraðsdómara aðfararbeiðni til staðfestingar ef krafist var aðfarar á grundvelli 10. tl. 1. mgr. 1.gr. s.l.

Greiðsla iðgjalda í lífeyrissjóð sé ekki skattur eða ígildi skatts. Vert sé að benda á dóm Hæstaréttar nr. 187/1995, en þar segi: *Samkvæmt greinargerð með lögum var tilgangur þeirra sá að tryggja, að allir starfandi menn bæru á sama hátt kostnað af lífeyristryggingum, eftir að nær öllum landsmönnum hafði verið tryggður lágmarksréttur til eftirlauna. Með frumvarpinu var stefnt að því að koma á almennri aðild allra starfandi manna að lífeyrissjóðum. Í lögum nr. 55/1980 felst samkvæmt framansögðu ótvíræð lagaskylda fyrir alla landsmenn til að vera í lífeyrissjóði. Löggiöf þessi á að leiða til almannaheilla, og er tilgangur hennar meðal annars sá, að réttur til lífeyristrygginga verði byggður á sem jöfnustum forsendum. Slíkar almennar takmarkanir að lögum eru ekki andstæðar mannréttindaákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 með áorðnum breytingum. Af dóminum verði ráðið að lög um skylduaðild að lífeyrissjóði feli ekki í sér slíka skerðingu á ákvarðanarétti einstaklinga um ráðstöfun eigin tekna að það sé andstætt stjórnarskránni. Vera megi að skylda til að greiða mun herra*

hlutfall af tekjum í lífeyrissjóð, en tíðkast hafi lengi lögum samkvæmt, gæti falið í sér brot á meðalhófsreglu.

Ennfremur sé því til að svara að enginn sem greiðir lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð geti verið fullkomlega öruggur um að honum endist aldur til að njóta greiðslna úr sjóðnum eða hversu lengi hann njóti greiðslna úr sjóðnum ef hann ná þeim aldri að eiga rétt á greiðslum. Víðtæk sátt ríki í þjóðfélaginu um greiðslur í almenna lífeyrissjóðakerfið, sem myndi ekki séreign, en sé hins vegar samtryggingarkerfi. Greiðslur manns í þetta kerfi geti t.d. komið niðjum hans til góða s.s. ef niðji missir starfsgetu ungur að aldri, en nýtur þá greiðslna úr því kerfi. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 129/1997 segi m.a um greiðslur almennings í lífeyrissjóði: *Frá sjónarhóli heildarinnar ætti þessi sparnaður hins vegar að draga úr skattheimtu og kostnaði við almannatryggingakerfið.* Málefnaleg sjónarmið liggi til grundvallar þeirri lagaskyldu að öllum landsmönnum á aldrinum 16-70 ára sé skylt að greiða lágmarksiðgjöld í lífeyrissjóð af tekjum sínum. Leiða megi að því líkur að allir landsmenn hafi hagnast af þessu fyrirkomulagi í formi lægri skattheimtu að hálfu ríkisvaldsins.

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 skerðist ellilífeyrir sem greiddur sé einstaklingi úr ríkissjóði ef árstekjur viðkomandi eru hærri en kr. 853.397 og nemi skerðingin 30% af umframtekjum uns ellilífeyrir fellur niður. Til tekna teljist greiðslur úr lífeyrissjóðum. Ómögulegt sé að segja fyrir um hvort þessu skerðingarákvæði verði breytt eða hvort það falli niður í náinni framtíð, en allir landsmenn sitji þar við sama borð. Ennfremur sé alls óvíst hverjar heildartekjur varnaraðila verði við töku ellilífeyris sem hefst við 67 ára aldur skv. 1. mgr. 11. gr. laga 117/1993. Þá sé með öllu óvíst hvort ríkið haldi áfram að greiða ellilífeyri í óbreyttri mynd. Óvíst sé hvort lífeyrisgreiðslur sóknaraðila til varnaraðila komi til með að skerða ellilífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun til sóknaraðila að óbreyttum lögum. Sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að hann fái ekkert af greiðslum sínum til varnaraðila til baka.

Vert sé að benda á að skv. 17. gr. laga nr. 117/1993 eigi mjög tekjulágir einstaklingar rétt á tekjutryggingu ofan á ellilífeyri, en í 13. mgr. 17. gr. sé eftirfarandi ákvæði: *Nú sinnir maður ekki lagaskyldu um greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóðs samkvæmt [lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða]. Er þá heimilt að áætla honum tekjur sem koma til frádráttar greiðslu tekjutryggingar. Setja skal reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd þessa frádráttar.].* Þetta ákvæði hafi að stofni til verið í lögum nr. 117/1993 frá gildistöku laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum 1996 nr. 144/1995, sem tóku gildi 28. desember 2005, eða ca. 30 mánuðum fyrir gildistöku laga nr. 129/1997. Samkvæmt þessu ákvæði geti menn sætt skerðingu á tekjutryggingu óháð því hvort greitt var iðgjald í lífeyrissjóð eða ekki.

Samkvæmt 2. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyris réttinda nr. 55/1980 hafi öllum launamönnum, atvinnurekendum, og sjálfstætt starfandi aðilum, verið rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði. Aðild að lífeyrissjóði hafi því verið skylda um langt árabíl. Lög nr. 55/1980 hafi verið felld úr gildi með lögum nr. 129/1997 en með gildistöku þeirra laga hafi komist á virkt eftirlit með því að allir greiddu lágmarks iðgjald í lífeyrissjóð. Sóknaraðili hafi ekki upplýst um lífeyrisréttindi sín í almenna lífeyrissjóðakerfinu.

Ekki verði séð að sóknaraðili hafi innt af hendi greiðslur til erlends trygginga félags á árinu 2003. Greiðslur til erlendra tryggingafélaga og fleiri aðila, sem mynda séreignarsparnað hjá greiðanda allt eftir samningi aðila, sem hann eða erfingjar hans geta tekið út á umsömdum tíma, uppfylli ekki ákvæði laga nr. 129/1997 um lágmarksiðgjaldagreiðslur í almennan hluta íslensks lífeyrissjóðs. Öllum sé hins vegar heimilt að gera samning við innlendan eða erlendan aðila, um séreignarsparnað til öflunar lífeyrisréttinda í séreign, ef viðkomandi aðili uppfylli skilyrði, sbr. aðallega 8. gr. laga nr. 129/1997.

Reglugerð/tilskipun EB nr. 395R3094, sem sóknaraðili vísi til, sé um aðstoð til skipasmíða og verði ekki séð að hún hafi þýðingu í máli þessu.

Varnaraðili vísar um dráttarvaxtakröfu til 7. gr. laga nr. 155/1998 um það hvernig beri að reikna dráttarvexti af kröfunni. Um sé að ræða kröfu um greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalds vegna launa í heilt ár. Hvorki ríkisskattstjóri né varnaraðili hafa haft upplýsingar um skiptingu launa sóknaraðila árið 2003. Launanna hafi sóknaraðili hins vegar í síðasta lagi getað aflað í desember 2003, en skv. 7. gr. laga nr. 155/1998 hafi síðasti gjalddagi vegna ársins 2003 verið 10. janúar 2004 og hafi varnaraðili því reiknað dráttarvexti af umræddri kröfu frá þeim tíma.

Varnaraðili telur með vísan til alls framanritaðs að hafna beri kröfum sóknaraðila og staðfesta aðfarargerðina. Áréttar varnaraðili jafnframt að hann hafi í einu og öllu fylgt ákvæðum laga við innheimtuaðgerðir sínar og því sé augljóst að málatilbúnaður sóknaraðila er úr lausu lofti gripinn. Telur varnaraðili að dóminum beri að hafa slíkt til hliðsjónar við ákvörðun málskostnaðar, sbr. 131. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 94. gr. laga nr. 90/1989. Varnaraðili byggir málskostnaðarkröfu sína á 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 94. gr. laga nr. 90/1989, og telur að sóknaraðila beri ótvírætt að greiða honum málskostnað. Ella falli kostnaður af máli þessu á þá sjóðsfélaga sem eiga réttindi í Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda og skerði eign þeirra í sjóðnum. Varnaraðili sé ekki virðisaukaskattskyldur og verði að taka tillit til þess við ákvörðun málskostnaðar.

IV

Varnaraðili er lífeyrissjóður og um hann gilda lög nr. 155/1998 um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Starfsemi varnaraðila, þ.m.t. varðveisla iðgjalda skal vera með sama hætti og annarra lífeyrissjóða, sbr. 1. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Eftirlit með starfseminni hefur Fjármálaeftirlitið sbr. IX. kafli laga nr. 129/1997.

Sóknaraðili krefst þess í máli þessu að fellt verði úr gildi fjárnám það sem sýslumaðurinn í Reykjavík gerði hjá honum að kröfu varnaraðila 19. maí 2005 til tryggingar greiðslu lífeyrisiðgjalds til varnaraðila að fjárhæð kr. 218.645 auk álags, vaxta og kostnaðar.

Samkvæmt 11. tölulið 1. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undan gengins dóms eða sáttar, sbr. 1. gr. laga nr. 21/1979, má taka lögtaki iðgjaldagreiðslur í lífeyrissjóði. Samkvæmt 10. tölulið 1. mgr. 1. gr. laga nr.

90/1989 um aðför má gera aðför til fullnustu krafna sem njóta lögtaksréttar samkvæmt fyrirmælum laga. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. aðfararlaga, sbr. 35. gr. laga nr. 15/1998, er ekki þörf á að beina til héraðsdóms beiðni um aðfarargerð, sem studd er við 10. tölulið 1. mgr. 1. gr. laganna, og afla þar áritunar á beiðnina um heimild til aðfarargerðar. Verður því leitað beint til sýslumanns um framkvæmd aðfarargerðar samkvæmt beiðni, sem reist er á þessum grunni, sbr. 1. mgr. 16. gr. aðfararlaga. Samkvæmt þessu var ótvíræð lagaheimild fyrir því að sýslumaður gerði fjárnám hjá sóknaraðila fyrir kröfu varnaraðila.

Samkvæmt 4. mgr. 1. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára aldri til 70 ára aldurs, en í þessu felst skylda til aðildar að lífeyrissjóði og til greiðslu iðgjalds í lífeyrissjóð, sbr. 3. mgr. sömu greinar.

Hæstiréttur Íslands hefur með dómi í málinu nr. 187/1995 slegið því föstu að löggjöf um skyldu til aðildar að lífeyrissjóði leiði til almannaheilla, og tilgangur hennar sé meðal annars sá, að réttur til lífeyristrygginga verði byggður á sem jöfnustum forsendum. Slíkar almennar takmarkanir að lögum séu ekki andstæðar mannréttindaákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Málefnaleg sjónarmið liggja þannig til grundvallar lögbundinni skyldu til greiðslu iðgjalds í lífeyrissjóð.

Fyrir liggur að samkvæmt skattframtali sóknaraðila 2004, vegna tekjuársins 2003, hafði ekkert verið greitt í lífeyrissjóð af framtöldum launum hans.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 129/1997 skal ríkisskattstjóri hafa með höndum eftirlit með því að lífeyrisiðgjald sé greitt vegna hvers manns sem skyldutrygging lífeyrisréttinda nær til. Í 5. mgr. sömu greinar er mælt fyrir um það að sé enginn lífeyrissjóður tilgreindur á framtölum eða skilagreinum launagreiðanda og lífeyrissjóða skuli senda yfirlit samkvæmt ákvæðinu til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda sem skuli þá innheimta gjaldið. Í samræmi við ótvíræða lagaskyldu sína samkvæmt framangreindu sendi ríkisskattstjóri varnaraðila tilkynningu um vangoldin lífeyrisiðgjöld sóknaraðila.

Í 2. gr. laga nr. 155/1998 um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda er mælt fyrir um að skylda til greiðslu iðgjalds til sjóðsins nái til allra launþega og þeirra sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi frá 16 ára aldurs til 70 ára aldurs og hafa ekki fullnægt tryggingarskyldu sinni með aðild að öðrum lífeyrissjóði og greiðslu iðgjalds til hans í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997. Skal iðgjald nema 10% af iðgjaldsstofni, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 155/1998, en um hann fer eftir 2. mgr. sömu greinar, en þar er kveðið á um að iðgjald skv. 1. mgr. skuli reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu. Þar segir ennfremur að stofn til iðgjalds skuli vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru skv. 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Þá er í niðurlagi málsgreinarinnar kveðið á um að iðgjaldsstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafnhár fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt.

Óumdeilt er að á árinu 2003 hafði sóknaraðili með höndum sjálfstæða atvinnu starfsemi og að samkvæmt upplýsingum frá skattstjóra, sem byggðar voru á skatt framtali sóknaraðila 2004, sem leggja verður til grundvallar, nam reiknað endurgjald hans tekjuárið 2003 kr. 2.186.446.

Samkvæmt því og á grundvelli þeirra ákvæða í lögum nr. 155/1998, sem gerð er grein fyrir hér að framan, hvíldi ótvírætt á sóknaraðila skylda til greiðslu umkrafins iðgjalds til varnaraðila en sóknaraðili hefur í engu leitast við að sýna fram á að gjaldstofn álagningarinnar hafi í raun átt að vera annar og lægri.

Engu breytir um skylduaðild að lífeyrissjóði að sóknaraðili kunni að hafa greitt iðgjöld til erlends tryggingafélags á umræddu tímabili þar sem slíkar greiðslur uppfylla ekki ákvæði laga nr. 129/1997 um lágmarksiðgjaldagreiðslur í almennan hluta íslensks lífeyrissjóðs.

Í samræmi við ákvæði lokamálsliðar 5. mgr. 6. gr. laga nr. 129/1997 krafði varnaraðili sóknaraðila um iðgjaldið en innheimtuaðgerðir báru ekki árangur. Það að í tilvitnuðu ákvæði skuli vera kveðið á um að varnaraðili innheimti gjaldið þykir ekki verða skilið öðru vísi en svo að nauðsynlegt sé að tilgreina hver innheimti það þegar þannig háttar til að enginn lífeyrissjóður er tilgreindur á framtölum eða skilagreinum. Þykir ákvæðið því ekki verða skilið svo að varnaraðila hafi samkvæmt því verið óheimilt að fela öðrum innheimtu kröfunnar. Samkvæmt því og eðli máls samkvæmt var varnaraðila því heimilt að hafa þann hátt á innheimtu kröfunnar sem á var hafður.

Með vísan til þess sem að framan liggur ekki annað fyrir en að meðferð málsins af hálfu ríkisskattstjóra og varnaraðila hafi í einu og öllu verið í samræmi við lög.

Tilvísun sóknaraðila til 40. og 77. gr. stjórnarskrár er með öllu þýðingarlaus þar sem iðgjaldi í lífeyrissjóð verður ekki jafnað til skatts í skilningi laga.

Sú tilskipun EB sem sóknaraðili vísar til er um aðstoð til skipasmíða og verður ekki séð að hún hafi þýðingu í máli þessu.

Sú málsástæða sóknaraðila að miðlun upplýsinga frá innheimtuaðila vegna árangurslausrar innheimtu kröfunnar brjóti gegn friðhelgi einkalífs hans þykir ekki koma til álita við úrlausn um gildi aðfarar þeirrar er mál þetta fjallar um.

Gjalddagi mánaðarlegs iðgjalds er samkvæmt 7. gr. laga nr. 155/1998 10. dagur hvers mánaðar. Hafi ekki verið greitt á eindaga skal innheimta hæstu vanskilavexti sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum að taka frá gjalddaga til greiðsludags. Krafa varnaraðila um dráttarvexti af umkröfðu iðgjaldi styðst við þessa heimild, en um upphafstíma þeirra hefur varnaraðili vísað til þess að gjalddagi iðgjalds hafi í síðasta lagi verið 10. janúar 2004. Er því krafa varnaraðila um dráttarvexti í samræmi við lög.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 155/1998 er varnaraðila heimilt að innheimta þóknun af iðgjaldi vegna innheimtu iðgjalda sem sjóðnum ber að innheimta í samræmi við 6. gr. laga nr. 129/1997. Á þeim tíma sem um ræðir mátti þóknunin nema allt að 2%

af iðgjaldi. Varnaraðili nýtti þessa heimild í tilviki sóknaraðila. Ekki verður fallist á það með sóknaraðila að ákvæðið beri að túlka svo varnaraðila sé óheimilt að krefja hann um frekari innheimtukostnað.

Með vísan til alls þess sem að framan er rakið er fallist á kröfur varnaraðila um staðfestingu aðfarargerðarinnar.

Eftir niðurstöðu málsins verður sóknaraðili úrskurðaður til að greiða varnaraðila 200.000 krónur í málskostnað.

Þorgerður Erlendsdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Aðfarargerð nr. 011-2005-05718, sem fram fór hjá sóknaraðila þann 19. maí 2005 í Nethyl 2, Reykjavík að kröfu varnaraðila, Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, er staðfest.

Sóknaraðili, Steingrímur Þormóðsson, greiði varnaraðila, Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda, 200.000 krónur í málskostnað.

Þorgerður Erlendsdóttir